

UMÍS ehf. Environice
Arnheiður Hjörleifsdóttir
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

2008100062
3511; 9310

Reykjavík, 4. maí 2009
/--

Efni: Líparítvinnsla sementsverksmiðjunnar á Akranesi við Miðsandsá, Hvalfjarðarsveit. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Sementsverksmiðjunnar á Akranesi að matsáætlun um líparítvinnslu verksmiðjunnar við Miðsandsá, Hvalfjarðarsveit.

Skipulagsstofnun barst með bréfi UMÍS ehf. - Environice dags. 10. mars 2009 f.h. Sementsverksmiðjunnar tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Líparítvinnsla í Hvalfirði. Sementsverksmiðjan Akranesi. Environice.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Hvalfjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Hvalfjarðarsveit með tölvubréfi dags. 20. apríl 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. mars 2009, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvubréfi dags. 31. mars 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. apríl 2009. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupósti dags. 27. apríl 2009.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Sementsverksmiðjunnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í tölvubréfi framkvæmdaraðila dags. 27. apríl 2009 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmdalýsingu. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hver er núverandi stærð efnistökusvæðis 3 og hver verði stærð þess eftir þá 300.000 m³ efnistöku sem fyrirhuguð er. Þá þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir hugsanlegri áfangaskiptingu efnistökkunnar og í samræmi við umsagnir Hvalfjarðarsveitar og Umhverfisstofnunar að gera grein fyrir áætlunum um frágang og landmótun í námu 3 til að draga úr sjónrænum áhrifum m.a. svæðaskiptingu námunnar og frágangi hluta hennar jafnóðum. Í því sambandi vill Skipulagsstofnun leggja áherslu á landmótun þess hluta námunnar sem liggur að Miðsandsárgljúfri. Auk þess þarf að fjalla um námur 1 og 2 og frágang þeirra eftir því sem við á og þá með hliðsjón af þeim atriðum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila við umsögnunum dags. 27. apríl 2009.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 2.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um kosti. Skipulagsstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir því í frummatsskýrslu hvort að sá kostur sem kallaður er kostur 2 í tillögunni sé til samanburðar við aðalvalkost og þá þarf að fjalla um hann sem slíkan, þ.e. hvaða áhrif hann kunni að hafa á hina mismunandi umhverfisþætti. Ef niðurstaðan er sú að kostur 2 hafi eingöngu verið skoðaður en sé ekki raunhæfur þá þarf það að koma fram með tilheyrandi rökstuðningi. Í frummatsskýrslu væri þá rétt að hafa kafla sem heitir aðrir kostir og gera þar grein fyrir kosti 2. Kostur 1 skv. tillögunni er sú framkvæmd sem frummatsskýrsla myndi fjalla um og á ekki heima í kafla sem heitir kostir eða aðrir kostir.

Þá vill Skipulagsstofnun benda á að með umfjöllun um núll kost er átt við hver verði áhrif efnistökkunnar á fyrirhugað framkvæmdasvæði annars vegar við það að ráðast í fyrirhugaðar framkvæmdir og hins vegar ef ekki verður af framkvæmdum og þarf að fjalla um þau áhrif í frummatsskýrslu ekki einungis áhrif á starfsemi Sementsverksmiðjunnar. Hvernig breytingar verði á starfseminni þar sem líparítið er ein af undirstöðum framleiðslunnar gæti fallið undir samfélagsáhrif við umfjöllun um núll kost.

Skipulag og leyfi

Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvaða leyfum fyrirhuguð efnistaka er háð.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 2.3 og 4.1.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðmyndanir sem vinna á efni úr. Við umfjöllun og mat á verndargildi þessara jarðmyndana þurfa í frummatsskýrslu að koma fram upplýsingar um útbreiðslu þessarar gosbergstegundar á Íslandi í ljósi fágætis hennar.

Í kafla 4.1.4 er fjallað um landslag og sjónræn áhrif. Skipulagsstofnun vill benda á að í frummatsskýrslu verði leitast við eins og kostur er að sýna þær ásýndarbreytingar sem verði á svæðinu við stækkun námunnar frá völdum sjónarhornum.

Afrit: Hvalfjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun.